

Fundargerð 3. mars 2020

Fundur Græns Teymis – Mættir voru Ásta Þórisdóttir, Davíð Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir, Lína Björg Tryggvadóttir og María Maack.

1. Farið yfir EC úttekt sem gerð var í janúar. Við úttekt komu fram tvö alvarleg atriði sem þarf að bæta til að tryggja á vottun fáist fyrir starfsárið 2019. Annað er ábending sem barst til EC vegna starfsemi bílakirkjugarðs og söfnun bílavarahluta í Súðavíkurbreppi og hin vegna útreiknings á olúnotkun á Vestfjörðum. Hitt atriðið var að það vantaði lista yfir haghafa og upplýsingar um hvernig er haftsamskipti við þá. Er unnið að lagfæringu á þessum atriðum. Verkefnastjóri er búinn að senda gögn til EC vegna þessa og ætti að fá svör varðandi úttektina þegar þau hafa verið yfirfarin.
2. Spilliefni – Ákveðið að setja frágang spilliefna hjá sveitarfélögunum á Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2020. Verkefnastjóri mun hafa samband fyrst við vinnuvernd til að kanna hvernig staðið er að svipuðum úttektum. Verkefnastjóri mun senda sveitarfélögum póst til að fá upplýsingar um hvernig þessu er háttað hjá þeim, meðfylgjandi verður aðgengilegur spurningalisti. Einnig var fjallað um hvort að hægt væri að hafa til kynningarefni fyrir íbúa um það hvað má fara í niðurföll og hvernig á að ganga frá spilliefnum. Veitur ohf hafa gert vídeó um niðurföll og hvað má þar fara. Verkefnastjóri ætlar að skoða hvar er hægt að gera í þessum málum og hvernig kynning ætti að fara fram og hvernig hægt yrði að standa að úttekt.
3. Haghafar – Þegar skýrslur verða tilbúnar fyrir árið 2020 þarf að senda þær til haghafa. Lína Björg mun senda lista yfir haghafa til Græns teymis. Úttektaraðili benti á að uppdráttur eða yfirlit af því sem umhverfissvottun Vestfjarða telur haghafa á svæðinu inni í verklagsreglum. Úttekt og niðurstöður hennar eru sendar á haghafa einu sinni á ári.
4. Fyrirkomulag Umhverfissvottunar – Verkefnastjóri upplýsti Grænt teymi hvernig verklagið er núna eftir að Nave tók við umsjóninni. Koma skal á verklagi þar sem sveitarfélögin munu safna sjálf tölum og setji inn upplýsingar í kerfið mánaðarlega eða þriggja mánaðarlega fresti eins og Ísafjörður er byrjaður að gera. Verkefnastjóri mun þjálfa aðila hjá sveitarfélögunum til að fara í málið. Enn á eftir að setja inn gögn fyrir árið 2019 og þarf verkefnastjóri að klára það eins og gert hefur verið fram til þessa.

5. Farið yfir verklagsreglublað sem þarf að uppfæra hvert ár. Búið að bæta inn í töflu sem hægt er að senda til sveitarfélaga og þau geta notað til að fylla út varðandi innkaup sveitarfélaganna. Bæta þarf inn í formið varðandi aðkeypta þjónustu meindýraeyða af öllu tagi.

6. Umhverfislestin – umræður eru um hvort að lestin fari eitthvað áfram um landið á þessu ári. Ekki eru komnar nægar upplýsingar til að fjalla meira um málið en Lína Björg er í samskiptum við aðila sem hafa sýnt áhuga. Málið sett á dagskrá næsta fundar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:10

Næsti fundur áætlaður 1. apríl 2020